9. Samtal um Fuglavinafélagið Fönix og starfsemi þess. Sundurlaust.

7 renningar.

Tjörninni rænið og margir góðsamir fullorðnir menn, sem 1.
best hafa skilið viðleitni vora, er allir hafa miðlað fugl-
unum mat svo að segja daglega og þannig stutt að því með
oss að auka og glæða hið indæla fuglalíf hér í bænum.

Jón: Hver sér um kostnaðinn af þessu?

X. Enginn: Það er allt ókeypis, því félagsdrengir greiða
ekkert félagsgjald og brauðgerðarhúsin og einstakir menn
gefa allt brauðið.

Jón: Mætti ekki koma þessari starfsemi á víðar en hér í bænum?

X. Jú, Jón Pálsson hefir oftar en einu sinni flutt erindi um það
í útvarpinu, skrifað greinar í blöðin og ferðast til ýmsra
kaupstaða hér í grenndinni og ávalt bent börnum og unglingum
á að ræna aldrei nokkrum fugli eggjum hans, skemma
ekki hreiðrin né fæla fuglana frá þeim, heldur gleðja sig
við að sjá ungana dafnast og fá að lifa hinu saklausa
lífi sínu í návist vorri ~~hinna~~ mannanna, einkum barna
og unglinga, sem ávalt eiga að reyna að lifa saklausu lífi eins
og fuglarnir.

Jón: Hverjir eru í stjórn þessa félags?

X. ~~Við~~ Vér höfum enga stjórn – ~~Við~~ erum sannnefndir stjórnleysingjar
og ef um stjórn væri að ræða, þá mætti nefna hana einræðisstjórn
Það er Jón Pálsson einn, sem stjórnar ~~okkur~~ oss, og fer vel á því;
hann einn fullorðinna manna mætir með oss sunnudag hvern
í Oddfellowhöllinni kl. 3½ til kl. 5 síðdegis, segir oss
skemtilegar sögur, talar við oss um alla heima og geima, en
einkum þó um fugla og önnur dýr. Betri og uppbyggilegri
fræðslu og skemtun getum vér eigi hugsað oss.

Jón: Jæja, fundirnir eru haldnir í Oddfellowhöllinni segir
þú. Húsaleigan hlýtur þó að kosta skildinginn eða hvað?

X. Engan eyri. Vér erum svo vel séðir og menn eru almennt svo
hrifnir af starfsemi vorri, að Odd-Fellowfélagið lánar oss
~~þetta veglega~~ og stórt herbergi til funda haldanna í þessu
veglega húsi sínu, alveg ókeypis.

Jón: Hvaða atriði ætlið þið að hafa að viðfangsefni í afmælisfagnaðinum
í kvöld.

X. Þau verða nú ekki mörg né margbreytileg, heldur að eins sniðin
eftir því, að hér eru það börn, sem lítið eiga að láta yfir sér,
en er þó vitanlega eigi bannað að láta ljós sitt skína, ef
það geti lýst einhverjum sem bágt á og í myrkri situr.

Viðfangsefnin í kvöld verða þessi:

Viðfangsefnin í útvarpinu

1. Þetta samtal milli mín og þín
2. Drengir nokkrir úr félaginu syngja 3 einrödduð lög og er
eitt þeirra við afmælisljóð félagsins ort af vini þess
Hallgrími Jónssyni yfirkennara.
3. Tveir drengir leika smáleikrit, er nefnist „Yfir kaupstaðnum“
Þessi þrjú atriði fara fram í útvarpssalnum og þökkum
vér útvarpsráðinu fyrir vinsemd þess í vorn garð.
Þá verður gengið til Oddfellowhallarinnar og fara þessi
atriði fram þar:

1. Drengjunum, og nokkrum góðvinum þeirra setjast það að drykkja ~~[illegible]~~ gosdrykkja frá Tómasi Tómassyni ræðismanni og neyta brauðs frá ungfrú Guðmundu Nielsen, Inga Halldórssyni og Sveini Hjartarsyni; eru þessar veitingar allar ókeypis

2. Hr. úrsmiður Sigurður Tómasson sýnir félagsdrengjunum fallegar og merkilegar kvikmyndir af leikjum dýra, skíða- og skautaferðum o.s.fr.

3. Loks flytur Jón Pálsson erindi um eitthvað gott sem honum kemur í hug þá stundina.

Jón. Eg hlakka til að fá að mega taka þátt í þessari skemtun ykkar og býst við að hafa sögu að segja af því, leiksystkynum mínum þegar heim kemur.

4. Vitanlega er þér það velkomið, en því mátt ekki gera of mikið úr því neinu, því hér verða aðeins börn að verki, sem ~~oftast~~ litla æfingu hafa haft í því, sem þau eiga að flytja í útvarpinu, t.d. leiknum og söngnum.

En áður en við skiljum og slítum samtalinu vil ég geta þess, að Jón Pálsson bað mig að flytja öllum þeim hugheilar þakkir, sem á einhvern hátt hafa stutt oss eða styðja oss í því að afmælisfagnaður vor verði oss og öðrum til gleði og starfsemi vor til hjálpar og líknar fuglunum og öðrum dýrum. Megi bera blessunarríkan árangur.

Svo þakka ég þér fyrir samtalið. Vertu blessaður og sæll!

Jón. Já, vertu blessaður og sæll! Eg mun reyna að vekja athygli allra góðra barna og unglinga þar eystra á þessari góðu og göfugu starfsemi ykkar: Að elska fuglana og önnur dýr og sýna þeim vinsemd og hjálpsemi í öllu.

Vertu svo sæll!

Hvað varstu annars að vilja hingað? Hafðirðu nokkur erindi? Erindi? – Það er sama sem vísa, ekki satt? Jú, ég kann mörg erindi, t.d. þetta:

Þórður Hreða þegna vo,
þessi bjó að Ósi;
aldrei hann fyrir attan kýr
orrustu háði neina. –

Hún er vel ort vísan sú arna, eða þessi:

Þrastar einn á miðinn
mold og keldur fljóða
aldrei hann fyrir attan kýr
Viljirði gott barn heita.

Æ, þarna ruglaðist ég nú dálítið í ríminu en það eru engu lakari vísurnar þær arna en sumt af nýja skáldskapnum okkar, enda á ég von á því að hann sé einmitt sniðinn eftir svona skáldskap, sem nú er að komast í móð og allir eru að spreita sig á að búa til lögin við, en ekkert kann ég nú af þeim lögum og lærði ég þau þó hjá henni fröken minni, þegar ég var pínu lítill krakki, því þá gat ég sungið. Nú kem ég ekki upp nokkrum tóni, því ég gleypti einu sinni 25 aura, en þeir náðust nú samt með því móti að ~~það var látin snærislykkja~~ lækninum x renndi snærislykkju inn í kokið á mér og dró skildinginn upp úr því, eins og þegar dregin er korktappi úr flösku, en mér finnst alltaf eitthvað sitja í kokinu á mér síðan. Ég held að eitthvað hafi orðið eftir af skildingnum og það sitji þar fast svo að ég get ekkert sungið. En sárt var það, skal ég segja yður en samt skældi ég ekki nokkurn lifandi baun...

x Það var nú enginn skottulæknir, læknirinn sá – hann

Jón: Þið eruð þá ekki mjög illa kynntir.

Bessi: Nei, vér erum ekkert illa séðir, því menn eru almennt svo hrifnir af starfsemi vorri, að þeir vilja allt fyrir oss gera; sumir hafa meira að segja sent oss peningagjafir til þess að mynda af þeim ofurlítinn félagssjóð og sagt: Þessar krónur skulið þið nota til að kaupa brauð eða korn fyrir handa smáfuglunum í vetur, þegar frostin og snjórinn kemur. Þeir munu þá koma til ykkar og þiggja ~~það~~ með ánægju það, sem þið berið á borð fyrir þá.

Jón: Mætti ekki koma þessari starfsemi víðar á en hér í bænum?

Bessi: Jú, stofnandi félags vors, Jón Pálsson fyrv. bankagjaldkeri, hefir oftar en einu sinni flutt erindi um þetta í útvarpinu, skrifað greinar um það í blöðin og ferðast til ýmsra kauptúna hér í grenndinni og ávallt bent börnum og unglingum á að sýna dýrunum nærgætni og vinsemd. Hann hefir varað börnin við því að ræna nokkurn fugl eggjum eða skemma hreiður þeirra eða hrekkja nokkra lifandi skepnu, heldur reyna að hæna þær að sér og gleðja sig við að sjá ungana dafna og lifa hinu saklausa lífi sínu í návist vor mannanna, einkum barna og unglinga, sem ávallt eigi að reyna að lifa saklausu lífi eins og fuglarnir og önnur dýr.

Jón: Hvaða menn eru í stjórn þessa félags

Bessi: Vér höfum enga félagsstjórn; Jón Pálsson einn, er sá, sem stjórnar oss og vér erum ánægðir með þá stjórn. Hann einn fullorðinna manna mætir með oss sunnudag hvern í Oddfellowhúsinu kl. 3½ til kl. 5 síðdegis, segir oss sögur og talar við oss um alla heima og geima, en einkum þó um fuglana og önnur dýr. Betri og uppbyggilegri fræðslu og skemmtun getum vér eigi kosið oss, en hann er siðavandur og strangur og oss er ljúft að hlýða honum, <u>ekki í blindni</u> eða af þrælsótta, heldur af því, að vér finnum svo vel, hvað hann vill við oss gera og fyrir oss.

Jón: Verðið þið ekki að borga dálaglegan skilding í húsaleigu?

Bessi: Engan eyri! Vér fáum stórt herbergi í þessu ~~[illegible]~~ veglega stórhýsi bæjarins til fundahaldanna, <u>alveg ókeypis</u>. Þaðan göngum vér svo stundum allir í einum hópi í kirkju með Jóni Pálssyni og hann hefir oft látið í ljósi við oss ánægju sína yfir því, hve hegðun vor sé góð á fundunum og í kirkjunni, þótt vér ef til vill skvettum oss upp annarsstaðar eins og gerist og gengur með börn á vorum aldri, og þótt hann sé strangur eins og ég sagði áðan, þá þarf hann aldrei að atyrða oss með einu orði, þegar hann er nálægt oss: Vér vitum hvað hann vill og ~~við~~ erum að <u>hlýða</u> honum og þar af leiðandi öðrum um leið.

Jón: Vitanlega. Það er

Gott kvöld!
Gott kvöld!

Hvað er þetta! Er ég að villast?

O-nei, en það gerði heldur ekkert til, þótt þú værir að villast hingað, inn til mín, í þetta sinn, því þú hittir svo vel á, að ég á von á nokkrum drengjum hingað í kvöld, sem ætla að halda afmælisfagnað ~~[illegible]~~ félags síns, og það kemur sér því vel, að þig ~~[illegible]~~ ber svo óvænt að garði, til að rabba við þig dálitla stund, á meðan ég bíð eftir félögunum mínum, sem allir eru á líkum aldri sem þú og ég er viss um að þér þykir gaman að sjá og skemta þér við í kvöld. Ég þykist sjá, að þú ert úr sveit og sennilega ókunnur öllum hér í borginni. Mig langar því að vita einhver deili á þér, svo ég geti kynt þig hinum drengjunum, þegar þeir koma. Hvað heitirðu, hversu gamall ertu, og hvar áttu heima?

Jón: Ég heiti Jón og er úr Flóanum. Ég er 14 ára og hefi þó aldrei komið hingað fyrri.

Bossi: Jája, þú heitir Jón, og ert úr Flóanum. Það er annars fremur óákveðið nafn, en algengt þó, því einhvern tíma heyrði ég það haft eftir stúlku nokkurri, að hún hafi sagt við mann einn: „Nú ríður mér á, að þú heitir Jón, og sért úr Flóanum." En hvernig er það? Eru þeir, sem þaðan eru, kynjaðir, ekki venjulega nefndir „Flóafífl"?

Jón: Það getur vel verið, en það er ekki fremur háðfyndnis nafn á þeim, en mörgum mönnunum, sem oft og einatt hafa hjálpað mönnum og dýrum, þótt ekki hafi þeir verið lærðir læknar, en hafa þó hlotið nafnið „Skottulæknar", sem þýðir eða geti þýtt, skyndilæknar, samanber orðið skotturóður, en það er haft um þá menn, sem stunda róðra við og við eða í hjáverkum en ekki að staðaldri. Hvorttveggja þetta – um læknana og róðrana – bendir á flýti og er því alls ekki eins hatramt háðfyndnis nafn, eins og ýmsir menn í fáfræði sinni vilja vera láta. En svo er það um Flóafíflin, að einn hinn mætasti íslendingur, Eggert Ólafsson, lýsti þeim fyrir 180 árum síðan svo, að nafnið er hrósyrði hið mesta, og ef ég man rétt, þá var fyrsta erindið, sem flutt var hér við útvarpið – það var 20. desember 1930 – var einmitt um Flóafíflin og var þeim þar vel borin sagan, eins og þeir vitanlega áttu skilið.

Jón: Gott kvöld!

X: Gott kvöld!

Jón: Hvað er þetta? Er ég að villast?

X: O-nei, það gerði heldur ekkert til, þótt þú værir að villast inn hingað, því þú hittir þá svo vel á, að hér eru fyrir nokkrir drengir, sem eru að halda afmælisfagnað félags síns. Vertu velkominn til okkar og taktu þátt í skemtaninni með okkur, eins og aðrir þeir ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ félagi okkar. Við þekkjum nú þig að vísu ekki, en ég sé að þú ert á líkum aldri og við hinir drengirnir, sem hér eru. Mig langar því að vita einhver frekari deili á þér. Hvað heitirðu, hvaðan ertu og hversu gamall?

Jón: Ég heiti Jón og er úr Flóanum, ég er tólf ára og kom hingað í fyrsta skifti til bæjarins fyrir fáum dögum.

X. Jæja. Vertu velkominn! Þú heitir Jón og ert úr Flóanum. Það er annars alþekt nafn hérna syðra, en ertu þá Flóafífl.

Jón: Já, ég er einn af þeim og er hróðugur af því nafni, því ef mig minnir rétt, þá var fyrsta erindið sem flutt var í útvarpinu 20. des. 1930 einmitt um Flóafíflin og var þeim þar vel borin sagan, enda eru þau að fornu og nýju merkileg á marga vísu, eins og Eggert Ólafsson lýsti þeim fyrir nærri 200 árum, en meðal annara orða: Hvaða félag er þetta, sem nú heldur hér afmælisfagnað sinn í kvöld?

X: Það er Fuglavinafélagið Fönix, sem stofnað var 27. febr. 1934 eða fyrir tveim árum. ~~Við erum núna 30 talsins~~

Jón: Hver stofnaði félagið og í hvaða tilgangi var það gjört.

X. Jón Pálsson fyrv. bankagjaldkeri stofnaði það í fyrstu að eins með 7 drengjum, en nú erum við rúmlega 30 talsins. Aðal verkefni félagsins er að hlynna að öllum dýrum en einkum þó fuglunum og hæna þá að sér með því að gefa þeim brauð á hverjum degi.

Jón: Hvernig hefir ykkur tekist að hæna ~~þ~~ fuglana að ykkur?

X. Ágætlega. Áður en starfsemi félags þessa byrjaði sást varla nokkur fugl hér nálægt bænum og alls ekki á Tjörninni, en áður en frostin komu í vetur mátti telja hér á þriðja hundrað ~~andar~~ viltar endur og 13 svani þá er flestar voru, auk ótölulegs fjölda af kríum, sem haldið hafa til hérna í Tjarnarhólmanum á sumrum síðustu tvö sumurin og hafa orpið þar, enda sérstaklega nú síðustu tvö sumurin ... hefir hólminn verið stækkaður nokkuð á þessum árum og fyrir þessa sök hefir fuglalífið aukist svona mikið á þessum stutta tíma til mikillar ánægju fyrir alla bæjarmenn, unga sem gamla. Já, og ég vil bæta því við, að fjöldi barna, jafnvel 2-3 ára gamalla hafa sést nú daglega hérna við Tjörnina í fylgd með fullorðnum, til að gefa fuglunum mat. Þá má geta þess, að í hjálpar Fuglavinafélagsins hafa mörg heimili hér nálægt

Bessi: Þú ert sannarlega greinagóður drengur, þótt þú sért úr sveit, og sannarlega þykir mér, að við drengirnir hér í höfuðstaðnum stöndum þér ekki á sporði með sögulærdóm vorn eða þekkingu á móðurmáli voru, þótt setið höfum á skólabekknum miklu lengur en þú.

Jón: Mér er nú ekki mikið kunnugt um lærdóm ykkar eða þekkingu, það er eflaust hvorttveggja mikið, en sleppum nú því. En hvaða félag er þetta sem nú heldur hér afmælisfagnað sinn í kvöld?

Bessi: Það er Fuglavinafélagið Fönix, sem stofnað var hér fyrir tveim árum. Það var stofnað með aðeins sjö drengjum í fyrstu, en nú erum vér rúmlega 30 talsins. Aðalmarkmið félagsins er, að hlynna að öllum dýrum, en einkum þó fuglunum og hæna þá að sér, með því að gefa þeim brauð á hverjum degi sem til þeirra næst.

Jón: Það er áreiðanlega gott verk og gleðilegt viðfangsefni hverju barni og ungling, því vér vitum, að dýrin eru mikilli skynsemi gædd; þau hafa næmar tilfinningar, eins vér mennirnir, en eru oft köld og svöng og sæta oft skammarlegri meðferð. En hvernig hefir ykkur nú tekist að hæna villtu og ótömdu fuglana að ykkur?

Bessi: Ágætlega! Ég get sagt þér það, að áður en starfsemi félags þessa hófst, nú fyrir aðeins tveim árum, sást varla nokkur ótamin önd hér á Tjörninni, en nú í vetur mátti telja hér á þriðja hundrað villtar endur og 13 svani, þá er flestir voru, auk ótölulega fjölda af kríum, sem orpið hafa og ungað út eggjunum sínum í Tjarnarhólmanum nú tvö síðustu sumurin, enda hefir hólminn verið stækkaður nokkuð á þessum árum. Því fyrir þá sök hefir fuglalífið aukist svo mjög á þessum tíma, til mikillar ánægju fyrir alla borgarbúa, unga sem gamla. Og nú má sjá fjölda barna, jafnvel 3-4 ára að aldri í fylgd með fullorðnu fólki hérna niður við Tjörnina, önnum kafin við að gefa fuglunum mat, næstum daglega. Nú ber það varla við, að nokkurt barn sýni fuglunum hrekki, eða gjöri tilraun til að fæla þá í brott. Þá má og geta þess, að mörg heimili og menn þeir, er heima eiga nálægt Tjörninni hafa sést þar daglega með fullar hendur af brauði til að gefa fuglunum. Þeir hafa áreiðanlega skilið viðleitni vora og stutt mjög að því, að auka og glæða hið indæla fuglalíf hér í bænum.

Jón: En hver sér um kostnaðinn sem þið, drengirnir, hafið af þessu?

Bessi: Enginn! Það er allt ókeypis fyrir okkur: Félagsdrengir greiða engin félagsgjöld. Brauðgerðarhús bæjarins og einstakir menn gefa okkur allt brauðið